

í því sambandi, má verzlunin, að fyrir fram fengnu skriflegu samþykki verð- 128
lagsnefndar á hæð umboðslaunanna, reikna þau með í kostnaðarverði vör- 23. júlí
unnar.

4. Hámarksálagningu í heilðsölu og smásölu má aðeins leggja einu sinni á sömu
vöru. Þó er verzlunum heimilt að skipta sín á milli álagningunni, en aldrei
má hin samanlagða álagning fara fram úr hámarksálagningu þeirri, sem
heimiluð er.

Þegar skipta þarf álagningunni, er sú verzlun, sem annarri selur, skyld
til þess að sýna á sölureikningi sínum eða láta verzlunina, sem kaupir, vita
skriflega á annan hátt, hvað hámarksútsöluverðið sé samkvæmt verðlags-
ákvæðunum.

5. Framangreindar reglur um verðreikning skulu gilda fyrst um sinn, þar til
öðruvísi verður ákveðið, um verðreikning allra þeirra vara, sem hámarks-
álagning hefur verið sett á eða kann að verða sett á.

Með auglýsingu þessari eru úr gildi numin öll eldri ákvæði um álagningu á
framangreindum vörum.

Viðskiptamálaráðuneytið, 23. júlí 1941.

Eysteinn Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

129

23. júlí

um stimpilgjald af stríðstryggingarskírteinum.

1. gr.

Stríðstryggingarskírteini, sem gilda eiga í eitt ár eða lengur, skal stimpla með
10 aorum af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Stríðstryggingarskírteini, sem gilda eiga í einn mánuð eða skemmri tíma, skal
stimpla með $\frac{1}{2}$ þess, sem skírteini til árs skal stimpla, þau sem gilda í 2 mánuði
með $\frac{1}{2}$ o. s. frv. og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. 38. gr. laga nr. 75 27. júní 1921, um stimpil-
gjald, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. júlí 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.